



## Lykilatriði

Stuðningur við stefnuþróun og innleiðing á menntun fyrir alla



**EUROPEAN AGENCY**  
for Special Needs and Inclusive Education



# LYKILATRIÐI

**Stuðningur við stefnuþróun og innleiðing á  
menntun fyrir alla**



**Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir**



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með rekstrarstyrk innan menntunaráætlunar Evrópusambandsins.



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2021

Ritstjórar: Verity J. Donnelly og Amanda Watkins

Þessi útgáfa er öllum aðgengileg. Því er frjálst að nálgast, nota og dreifa henni með viðeigandi vísun til Evrópumiðstöðvarinnar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Ítarlegri upplýsingar er að finna í stefnu Miðstöðvarinnar um opinn aðgang:

[www.european-agency.org/open-access-policy](http://www.european-agency.org/open-access-policy).

Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2021. *Lykilatriði – Stuðningur við stefnuþróun og innleiðing á menntun fyrir alla*. (V. J. Donnelly og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk



Þetta verk er gefið út með [Creative Commons Attribution-NonCommercial-NoDerivatives 4.0 International License](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/).

Ekki má breyta eða þýða efni ritsins án samþykki Miðstöðvarinnar.

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-952-8 (Rafrænt)



Myndmerki Lykilatriða var þróað út frá teikningu eftir Daniela Demeterová frá Tékklandi, sem hefur birst á forsíðu alls útgáfuefnis Lykilatriða fram til dagsins í dag.

#### Aðalskrifstofa

Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

#### Skrifstofa í Brussel

Rue Montoyer, 21  
BE-1000 Brussels Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



# INNIHALD

<b>FORMÁLI</b>	<b>5</b>
<b>INNGANGUR</b>	<b>6</b>
<b>STUÐNINGUR VIÐ STEFNUÞRÓUN OG INNLEIÐING Í LÖNDUM</b>	<b>7</b>
Áskoranir og tækifæri	7
Núverandi forgangsmál	8
Þróun verkfæra til stefnugreiningar	10
<b>LYKILATRIÐI 2021</b>	<b>11</b>
Almenn meginregla	12
Lagalegur og stefnurammí	13
Virkir þættir fyrir námskerfi án aðgreiningar	19
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>28</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>29</b>





## FORMÁLI

Þessi útgáfa frá Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (miðstöðinni) er sú fjórða í ritröðinni Lykilatriði. Ritröðin leggur áherslu á grundvallaratriði fyrir menntakerfi og endurspeglar einnig þá hægfara breytingu sem orðið hefur í starfi stofnunarinnar undanfarin 25 ár: Tilfærslu frá þröngsýnni áherslu á sérkennsluþarfir nemenda og sérkennslu sem sérstaks úrræðis, í átt að því að auka og að bæta gæði þess námsstuðnings sem er almennt í boði fyrir alla nemendur.

Fyrsta útgáfa Lykilatriða var árið 2003: [Lykilatriði á sviði sérkennslu – Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila](#). Hún kom með tilmæli um þátttöku nemenda með sérkennsluþarfir innan almenns skólakerfis.

Önnur útgáfa var árið 2009, [Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila](#), og myndaði helstu stefnuniðurstöður úr þemastarfi miðstöðvarinnar um stuðning við menntun fyrir alla nemendur með sérkennsluþarfir. Þó að þessi útgáfa legði ennþá áherslu á nemendur með sérkennsluþarfir, undirstrikaði hún að tilmælin væru einnig viðeigandi fyrir stefnumótendur náms í almennum skóla. Þannig lagði hún áherslu á hugmyndina um aukna þátttöku til að auka tækifæri fyrir alla nemendur.

Árið 2011 gekk þriðja útgáfan, [Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli um starfshætti](#), lengra en stefnan til að draga saman lykilatriði fyrir starfshætti með vísan í þemaverkefni miðstöðvarinnar. Þar með talið var athygli á rödd nemandans og virka þátttöku, viðhorf og færni kennara, framsýna forystu og samfellda þverfaglega þjónustu – málefni sem eiga enn við í starfi stofnunarinnar 10 árum síðar.

Núna á árinu 2021 – á 25 ára afmæli miðstöðvarinnar – miðar nýjasta ritið um Lykilatriðin að því hugsa enn lengra. Hún leggur áherslu á stefnumótun og innleiðingu sem eru samhljóða víðtækari sýn á menntun fyrir alla. Þetta samræmist hlutverki miðstöðvarinnar til að upplýsa stefnumótun og árangursríka innleiðingu stefnu á ólíkum kerfisstigum, síðast en ekki síst skólastigi. Þessi áhersla endurspeglar aukna áherslu miðstöðvarinnar á að vera virkur fulltrúi fyrir stefnubreytingar á sviði menntunar fyrir alla.

**Cor Meijer**

**Framkvæmdastjóri Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir**



## INNGANGUR

Árið 2020, stóð Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) fyrir greiningu á helstu vinnu þess frá árinu 2011. Þetta verkefni skilgreindi göt – starfssvið sem miðstöðin hafði ekki fjallað um fram að þessu. Það auðkenndi einnig svið samræmingar í vinnu miðstöðvarinnar frá árinu 2011, sem líta má á sem ítrekuð skilaboð um heildarinnleiðingu á námskerfum án aðgreiningar.

Miðstöðin hefur sameinað þessi endurteknu skilaboð í lykilatríði til að styðja við framkvæmd framtíðarsýnar sinnar um hágæðamenntun fyrir alla nemendur. Lykilatríði setja fram nauðsynlega þætti fyrir heildarkerfi fyrir menntun fyrir alla sem bregst jákvætt við öllum víddum fjölbreytileika nemenda.

Útgáfa ársins 2021 á Lykilatríðum miðar að því að styðja lönd sem vilja endurskoða helstu stefnumál, þróa frekar úrræði sín til menntunar fyrir alla og einkum brúa bilið á milli stefnu og framkvæmdar.

Þau miða að því að:

- Vera í samræmi við afstöðu miðstöðvarinnar um að endanleg markmið menntunar fyrir alla sé að tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágreppi, meðal vina sinna og jafnaldra (Evrópumíðstöðin, 2015a);
- setja fram gagnreyndar meginreglur sem styðja við samtal um lykilsurningar, auka vitund og þróa frekar hugsun og tungumál í kringum menntun fyrir alla;
- hjálpa þeim sem taka ákvarðanir að skoða virkt menntakerfið sem heild og undirstrika mikilvægi tengsla, bæði innan og á milli kerfisstiga og stofnana;
- hjálpa til við að meta hugsanleg áhrif fyrirhugaðra breytinga í átt að framkvæmdar menntunar fyrir alla;
- leggja grundvöll að samfelldri aðgerðaáætlun til að koma stefnunni í framkvæmd.





# STUÐNINGUR VIÐ STEFNUPRÓUN OG INNLEIÐING Í LÖNDUM

## Áskoranir og tækifæri



Breytingin yfir í víðtækara hugtak um menntun fyrir alla krefst þess að skólar komi til móts við margbreytileika og yfirstígi ýmsar námshindranir hvar sem þær koma upp. Þróun almennara skólaskipulags, námskrár, mats á einstaklingum, kennslufræði og stuðnings með tímanum mun bæta gæði menntunar fyrir alla.

Þessi hugarfarsbreyting felur hins vegar í sér áskoran – hvernig á að framfylgja réttindum og mæta þörfum sumra nemenda (til dæmis þeirra sem eru með fötlun) sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda, um leið og unnið er að réttlátri menntun fyrir alla.

Framkvæmdastjórn ESB (2020) segir að:

Afrakstur og árangur í menntun skulu aftengd frá félagslegri, efnahagslegri og menningarlegri stöðu, til að tryggja að menntun og menntakerfi styrki getu sérhvers einstaklings og auðveldi félagslegan hreyfanleika upp á við (bls. 7).

Stefna sem miðar að því að taka til nemenda með sérþarfir skal þróuð sem hluti af almennu ferli menntastefnu (Norwich, 2019). Mikilvægt er að líta á sérkennslu sem hluta af almennri menntun sem eykur getu skóla til að vinna að hágæða menntakerfi án aðgreiningar sem getur staðið undir fjölbreytilegum þörfum allra nemenda.

Þessi nálgun krefst þess enn frekar að horfið sé frá „formlegu“ mati á einstaklingum og flokkun með aðskildum úrræðum fyrir ólíka hópa bæði innan og utan umhverfis fyrir alla. Hún hefur áhrif á fjármögnun, krefst aukins sjálfstæðis fyrir skóla og sveitarfélög til að úthluta fjármagni og þróa aðferðir til að styðja alla nemendur eftir því sem við á í aðstæðum þeirra.

Þróunin í átt að víðtækara hugtaki um menntun fyrir alla krefst því meiri sveigjanleika til að gera skólum og samfélögum kleift að taka mið af samvinnun – hins samtengda eðli allrar félagslegrar flokkunar, eins og:

... kyni, fjarlægð, auð, fötlun, þjóðerni, tungumáli, fólksflutningum, landflóttu, fangelsun, kynhneigð, kynvitund og -tjáningu, trúarbrögðum og öðrum skoðunum og viðhorfum (UNESCO, 2020, bls. 4).

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) vekur athygli á að aðgreining „fellur ekki á stakt auðkennismark“ (á sama stað., bls. 1). Allir þættir í sjálfsmynd einstaklings „skarast til að skapa heild sem er frábrugðin sjálfsmyndarþáttunum“ sem hefur áhrif á hvernig heimurinn skynjar þær (Bešić, 2020, bls. 114).



Áætlanir (þar með talið eftirlit) kunna að leggja áherslu á ákveðna hópa til að tryggja að úrræði mæti tilteknum þörfum nemenda. Hins vegar ættu skilvirkt skipulag og ferli að vera nægilega sveigjanleg til að taka tillit til persónulegra eiginleika og getu allra nemenda.

Flutningurinn yfir í meiri menntun fyrir alla ætti einnig að fela í sér breyttar áherslur með tímanum í þeim stefnumótunaraðferðum sem eru notaðar. Það ætti að verða aukning í forvörnum og inngripsaðgerðum og minnkun í aðferðum til jöfnunar, sem eru til staðar fyrir nemendur sem rammi menntastefnunnar nær ekki fyllilega til. Framkvæmdastjórn ESB (2020) bendir á þörfina á að draga úr litlum árangri með því að byggja á fjórum stólpum:

- Eftirliti (sem leyfir skimun og ákveðnar aðgerðir);
- Forvörnum (einkum fyrir hópa sem eru í hættu);
- Snemmtækri íhlutun (fyrir nemendur sem eru farnir að sýna að þeir eigi í erfiðleikum);
- Bótum (fyrir þá sem hafa nú þegar skilað slæmum niðurstöðum og þurfa annað tækifæri) (bls. 14).

Það ætti að vera samvirkni milli aðferða til að tryggja að kerfið veiti öllum nemendum gæða stuðning.

Að lokum hefur COVID-19 heimsfaraldurinn reynt á seiglu menntakerfa. Þó að hann hafi aukið á ójöfnuð á mörgum sviðum, getur hann nú veitt tækifæri til að byggja aftur upp almennara og réttlátara kerfi með því að auka færni fyrir alla á öllum stigum skólakerfisins. Ráð Evrópusambandsins (2021) dregur þetta saman:

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur sett áður óþekktan þrýsting á mennta- og starfsnámsgeirann og hrundið af stað víðtækri breytingu yfir í fjarkennslu og blandaða kennslu og nám. Þessi breyting hefur haft í för með sér ólíkar áskoranir og tækifæri fyrir mennta- og starfsþjálfunarkerfi og samfélög, afhjúpað áhrif stafrænnar gjár og göt í tengingum innan aðildarríkja, sem og ójöfnuð milli auðugra hópa og þéttbýli- og dreifbýli, um leið og lögð er áhersla á möguleika menntunar og þjálfunar til að byggja upp seiglu og stuðla að sjálfbærum vexti fyrir alla (bls. 4).

## Núverandi forgangsmál



Á undanförunum árum hefur áherslan í starfi miðstöðvarinnar víkkað út. Að auki hefur eðli þess stuðnings sem miðstöðin veitir aðildarlöndum sínum breyst, með aukinni áherslu á að styðja við stefnumótun og innleiðingu stefnu.

Árið 2021 gerði miðstöðin könnun meðal aðildarlanda sinna til að forgangsraða fyrir framtíðarstarf miðstöðvarinnar. Algengustu vandamálin sem löndin greindu voru í takt við eyðurnar sem greint var frá í greiningarverkefni miðstöðvarinnar árið 2020. Í þessu felst:

- Eftirlit og mat á innleiðingu stefnu um menntun fyrir alla;



- þróun á áætlunum fyrir samstarf þvert á geira (þar með talið eftirlit og mat) á öllum stigum og geirum;
- þróun gæðatryggingar og ábyrgðarramma af gæðum á mörgum stigum/fjölhagsmunaaðilum fyrir menntun fyrir alla;
- að tryggja skilvirka þýðingu á landsstefnum yfir á svæðis-, staðbundin- og skólastig;
- þróun menntunar fyrir alla og hæfni þvert á starfsstéttir, kerfisstig og geira.

Varðandi eftirlit og mat, bentu lönd á nauðsyn þess að þróa staðla og vísbenda til að fylgjast með árangri og skilvirkni úrræða menntunar fyrir alla – sérstaklega áhrifum af viðbótarstuðningi og frumkvæði til að miða við viðkvæma hópa. Að vita „hvað virkar vel og hvers vegna“ getur upplýst framtíðaráætlanir til að stuðla að framkvæmd menntunar fyrir alla, aukið samtal hagsmunaaðila um framkvæmd og úthlutun stuðnings og bætt samræmi milli svæða, sveitarfélaga og skóla, til lengri tíma litið.

Í ljósi COVID-19 heimsfaraldursins sjá mörg lönd brýnni þörf á að takast á við jafnræðismál – einkum aðgang að stafrænu námi. Þau viðurkenna að göt í árangri hafa aukist og munu krefjast meiri áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir til lengri tíma litið, auk skammtímaaðgerða. Faraldurinn hefur einnig undirstrikað á mikilvægi vellíðunar nemenda (og kennara) sem mikilvægrar forsendu alls náms. Ólíklegt er að nám eigi sér stað nema félagslegum og tilfinningalegum þörfum sé mætt í öruggu skólaumhverfi.

Þessu tengt er þörfin á að endurskoða matsramma til að tryggja að víðtækara nám sé viðurkennt og metið. Þetta myndi auðvelda eftirlit með framförum nemenda (og tengdri frammistöðu í skóla) á sviðum sem oft voru talin minna mikilvæg en framfarir í námi, en sem eru nú viðurkennd sem nauðsynleg fyrir nám og árangur, eins og geðheilbrigði og vellíðan. Það er ekki tilviljun að mörg þessara atriða eru í samræmi við meginreglur sem liggja til grundvallar sterku og almennu kerfi þar sem nemandinn er í fyrirrúmi.

Arfleifð COVID-19 mun líklega krefjast fjölbreyttari þjónustu (t.d. frá heilbrigðis- og félagsgeirum) til að vinna nánar með menntunargeiranum. Hér fer árangur eftir sameiginlegri vinnu milla ráðuneyta og svæðis- og staðbundinni þjónustu til að tryggja stuðning við skóla til að sinna þessum lykilsviðum. Þessi nálgun leggur einnig áherslu á þörfina á uppbyggingu og ferlum sem gera stefnu og framkvæmd kleift að færast á skilvirkan hátt á milli kerfisstiga. Aukið samstarf milli miðstöðva og þjónustu og milli stofnana mun einnig styðja tilfærslu nemenda á milli skóla/námsstiga og inngöngu í framhalds- og háskólamenntun og á vinnumarkað. Tilfærsla, sérstaklega yfir í starfsmenntun og starfsþjálfun og yfir í atvinnu, fyrir fatlaða nemendur er mörgum löndum ennþá áskorun.

Varðandi jafnræði hafa mörg lönd lýst áhyggjum af svæðisbundnum mun. Þróun á sterkum meginreglum til að styðja eftirlit og auka samræmi í framkvæmd gæti tekið á slíku misræmi að hluta til. Slík nálgun gæti leitt til sanngjarnari úthlutunar úrræða til að ná lágmarksstöðlum um þjónustu á hverju landssvæði eða svæði.

Rannsóknir benda til þess að huga þurfi að ýmsum stefnumálum þar sem innlend menntastefna leitast við að vera án aðgreiningar (Magnússon, Göransson og Lindqvist, 2019). Ljóst er að mörg þessara stefnusviða eru samtengd og ekki er hægt að skoða þau heildstætt ein og sér.



## Þróun verkfæra til stefnugreiningar



Árið 2015/2016 þróaði miðstöðin ramma fyrir Mat og greining á stefnu einstakra landa ([CPRA](#)) til að greina upplýsingar um gildandi stefnu um menntun fyrir alla í aðildarlöndum (Evrópumiðstöðin, 2018a).

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst með CPRA, endurskoðunarvinnu landa og þróun á vistkerfislíkani menntunar fyrir alla (Evrópumiðstöðin, 2016a; 2017a) þróaði miðstöðin [greiningarramma fyrir kortlagningu á menntastefnum fyrir alla](#) (Evrópumiðstöðin, 2018b) fyrir starf sitt sem tengist stuðningsáætlun framkvæmdastjórnar ESB um uppbyggingu úrbóta. Þessi rammi byggir á vinnu miðstöðvarinnar til að auðkenna helstu þætti námskerfa án aðgreiningar, sem aðildarlöndin samþykktu. Hann miðar að því að taka tillit til þess hversu flókið samband er á milli stiga, skipulags og ferla og leiða stefnu og framkvæmd saman á heildrænni hátt.

Þessir rammar hafa haft áhrif á þróun þeirra lykilatriða sem eftirfarandi hluti setur fram.



## LYKILATRIÐI 2021

Lykilatriðin 2021 (í textareitum hér að neðan) falla undir [almenna meginreglu](#) í kringum almennt samþykkt hugtak um réttindamiðaða menntun fyrir alla.

Lykilatriðin gerðu síðan fimm kröfur fyrir [lagalegt og stefnusamhengi](#), í tengslum við:

1. fjármögnun og úthlutun úrræða;
2. stjórnun;
3. gæðatryggingu og ábyrgð;
4. starfsþróun kennara;
5. námskrá og mat á einstaklingum.

Síðan halda þau áfram með átta [virka þætti](#) (aðferðir, skipulag og ferli) fyrir námskerfi án aðgreiningar. Þættirnir tengjast:

1. samstarfi og samskiptum;
2. þátttöku í menntun ungra barna án aðgreiningar;
3. tilfærslu;
4. samvinnu á milli skóla, foreldra og samfélagsins;
5. upplýsingaöflun;
6. þróun á sérúrræðum;
7. forystu í skóla;
8. náms- og kennsluumhverfi og rödd nemenda.

Sérhverri meginreglu fylgja stuttar forsendur sem eru studdar [lykilheimildum](#).



## Almenn meginregla



UNESCO (2020) bendir á að landslög taka ekki alltaf upp alþjóðlega sáttmála eins og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Sameinuðu þjóðirnar, 1989) og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Sameinuðu þjóðirnar, 2006). Stofnun eins ramma er mikilvæg til að tryggja að öll réttindi nemenda, bæði til menntunar og innan menntunar, séu uppfyllt. Fyrsta almenna meginreglan undirstrikar þetta:



**Innan löggjafar og stefnu verður að vera skýrt hugtak um réttláta hágæða menntun fyrir alla, sem hagsmunaaðilar hafa samþykkt. Þetta ætti að byggja á stökum lagalegum og stefnuramma fyrir alla nemendur, í samræmi við lykilsamþykktir og samninga á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi, sem grunn að réttindatengdri framkvæmd.**

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins (2017) segir að:

... menntun fyrir alla krefst hugarfarsbreytingar á samfélagslegu stigi, frá því að líta á tiltekin börn sem vandamál yfir í að greina núverandi þarfir og bæta sjálf menntakerfin. Það er afar mikilvægt að samfélagið í heild, þeir sem taka ákvarðanir og allir þeir aðilar sem koma að menntun geri sér fulla grein fyrir þörfinni á þessari hugarfarsbreytingu (bls. 20–21).

Próun og sérstaklega farsæl framkvæmd laga og stefnu krefst víðtæks samtals við hagsmunaaðila til að koma sér saman um skýra skilgreiningu á því hvað menntun fyrir alla þýðir. Útgangspunktur getur verið afstaða miðstöðvarinnar um að:

Endanleg markmið námskerfa án aðgreiningar er að tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágreinni, meðal vina sinna og jafnaldra (Evrópumiðstöðin, 2015a, bls. 1).

Nefnd Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi fatlaðs fólks (2016) lýsir því að menntun fyrir alla feli í sér ferli:

... til að veita öllum nemendum [...] réttláta námsupplifun og þátttökuumhverfi sem best samsvarar kröfum þeirra og óskum (bls. 4).

*Incheon yfirlýsingin og aðgerðarammi fyrir innleiðingu á Sjálfbærum þróunarmarkmiðum 4 (UNESCO, 2015) stefna að því að tryggja að enginn sé skilinn eftir. Þetta krefst þess að lönd stuðli að, vinni að og veiti öllum jafna og réttláta gæðamenntun og ævinám fyrir **alla**, sem hluta af áætlun Sameinuðu þjóðanna 2030 um sjálfbæra þróun.*

Þegar unnið er að þessari framtíðarsýn verður löggjöf og stefna landa að skuldbinda sig til réttinda allra nemenda til jafna og réttlátra námstækifæra, eins og lýst er í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Sameinuðu þjóðirnar, 1989) og nýlega, í 21. grein í sáttmála Evrópusambandsins (ESB) um grundvallarréttindi (Evrópusambandið,



2012), sem bannar aðgreiningu á hvaða grundvelli sem er. Stýrinefnd UNESCO SDG-Education 2030 (2018) leggur áherslu á mikilvægi þess að öll lönd tryggi að rétturinn til menntunar sé innifalinn í innlendum lagaumgjörðum og sé áberandi í stefnuskjólum. Hins vegar bendir UNESCO (2020) á að í mörgum löndum séu alþjóðlegir samningar ekki óaðskiljanlegur hluti af landslögum.

Stefna ESB um réttindi barnsins (Framkvæmdastjórn ESB, 2021) bendir á mikilvægi barna sem umboðsmanna breytinga og réttar barna til að nýta möguleika sína til fulls. Ráðstafanir skulu tryggja að efnahagslegar, félagslegar, menningarlegar eða persónulegar aðstæður breytist ekki í uppsprettu aðgreiningar, sem kemur í veg fyrir að sum börn geti notið góðs af viðunandi námsupplifun til jafns við önnur (Mannréttindafultrúi Evrópuráðsins, 2017). Mannréttindaráðið (2019) gengur lengra og segir að lög og stefnur ættu beinlínis að innihalda „ákvæði um enga höfnun“, sem banna synjun um aðgang að almennum skólum og tryggir samfellu í menntun (bls. 12).

Mikilvægt er að þessi breyting á hugsun krefst breytinga á tungumáli – sérstaklega varðandi fatlaða nemendur. Lönd ættu að hverfa frá læknisfræðilegum hugtökum sem geta stuðlað að aðskilnaði nemenda og sem geta tengst minni væntingum og færri tækifærum. Að auka meðvitund allra hagsmunaaðila um allan ávinninginn af menntun án aðgreiningar til lengri tíma litið – sem grundvöll fyrir samfélag sem aðgreinir minna – er einnig forsenda þess að tryggja skuldbindingu við og árangursríka framkvæmd menntunar fyrir alla.

## Lagalegur og stefnuramma



Innan eins löggjafar- og stefnuramma setja eftirfarandi meginreglur fram fimm lykilkröfur um löggjöf og stefnuramma fyrir menntun fyrir alla.



**Sveigjanleg kerfi fyrir fjármögnun og úthlutun stuðnings sem styðja áframhaldandi þróun skólasamfélaga og gera þeim kleift að auka getu sína til að bregðast við fjölbreytileika og styðja alla nemendur, án formlegrar greiningar eða merkimiða.**

Það er engin tilvalin leið til að fjármagna menntun fyrir alla. Mikill munur er á milli landa hvað varðar valddreifingu, þéttleika byggðar og lýðfræðilega þætti, svo og efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt samhengi og skipulag og smáatriði menntakerfisins. Stjórnvöld þurfa að hlúa að samlegðaráhrifum og hvetja tengslanet til að deila úrræðum, aðstöðu og tækifæri til þróunar á getu (Ebersold, Watkins, Óskarsdóttir og Meijer, 2019). Árangursríkt fyrirkomulag til að fjármagna samstarf milli ólíkra geira og miðstöðva sem styðja nemendur og skóla getur bætt bæði gæði og hagkvæmni þjónustu (UNESCO, 2020).

Að tryggja jöfn tækifæri til menntunar fyrir þá sem eru í hættu á útilokun er ekki einungis á ábyrgð hönnuða menntastefnu. Það krefst margra aðila sem starfa í náð samræmdum stjórnsýslukerfum til að styðja við hina margvíslegu hliðar í lífi viðkvæms fólks. Með því að nota einn þjónustuveitanda sem tilvísun fyrir aðra þjónustu eða veita margar gerðir





þjónustu á einum stað getur dregið úr tvíverknaði og bætt gæði enn frekar, þar sem þjónustusérfræðingar eiga samskipti og vinna saman (UNESCO, 2020).

Í öllu kerfi fjármögnunar og úthlutunar stuðnings þarf að vera gagnsæi í áætlanagerð með virku eftirliti til að tryggja að fjármunir séu nýttir í þeim tilgangi sem til er ætlast. Þetta tryggir jafnræði og auðveldar öllum nemendum að fá sem mestan ávinning af menntun sinni. Eins og er, eru oft eyður í skýrum upplýsingum og gögnum um úthlutun stuðnings til sérstaks og umhverfis fyrir alla og útgjalda bæði í almennum og sérstökum tilgangi (Evrópumiðstöðin, 2016b).

Til að ná til allra nemenda verða skólar að þróast og færa sig frá einstaklingsbundinni fjármögnun yfir í heildræna nálgun í skólastarfi. Þetta auðveldar alhliða stuðning í gegnum sveigjanlegt, nemendamiðað, einstaklingsmiðað nám. Aftur á móti ætti þetta að auka getu skóla til að námshindrunum og aðferðum til mismununar með því að breyta skipulagi, kennsluháttum og umhverfi skólastofunnar (Evrópumiðstöðin, 2018c; OECD, 2016). Það þarf að viðurkennast að stakar og jöfnunar aðferðir leiða almennt til hærri kostnaðar, þar sem þörf er á meiri utanaðkomandi stuðningi og sérfræðipekkingu til að bæta upp skort á undirbúningi kennara fyrir fjölbreytileika.

Hægt er að bæta getu skóla til að auka forvarnarráðstafanir enn frekar með sveigjanlegri fjármögnun sem veitir aðgang að stuðningi frá nærsamfélaginu (t.d. til að auka þátttöku nemenda með víðtækari tækifærum í námskrá og leiðsögn).

Mikilvægt er að fjármögnun og úthlutun stuðnings sé réttlát. Kerfi skulu tryggja að athygli sé beint að framförum nemenda með því að tengja við niðurstöður nemenda, frekar en að veita aðeins aðgang (t.d. staðsetningu í almennum skóla) og þátttöku í verkefnum án raunverulegs náms. Samkvæmt miðstöðinni getur jafnræði tekið til:

- jafnræðis við aðgang
- jafnræðis í dreifingu námstækifæra og viðeigandi stuðnings
- jafnræðis við að ná tækifærum og möguleikum til árangurs í akademísku og félagslegu námi og í tilfærslutækifærum
- jafnræðis við að ná persónulegu sjálfstæði í og eftir formlega menntun og þeirra tækifæra til tengslamyndunar sem eru opin nemendum með SEN [sérkennsluþarfir] sem styðja að samfélagið sé þeim almennt opið (Evrópumiðstöðin, 2011, bls. 56).

Að lokum ættu lönd að athuga að til lengri tíma litið getur menntun fyrir alla leitt til sparnaðar. Nemendur sem hætta við eða upplifa ekki árangur í skólanum, af hvaða ástæðu sem er, eru líklegri til að þurfa viðbótarþjónustu sem fullorðnir (t.d. tekjuuppbót, húsnæði, heilsugæslu) með miklum efnahagslegum og félagslegum kostnaði fyrir samfélagið (OECD, 2010; 2015). Miðstöðin komst að því að þátttaka í sérstöku umhverfi er:

... í samhengi við verri akademíska og starfslega hæfni, störf á vernduðum vinnustöðum, fjárhagslegt ósjálfstæði, færri tækifæri til sjálfstæðrar búsetu og slök samfélagsnet eftir útskrift. (Evrópumiðstöðin, 2018d, bls. 11).





## Skilvirk stjórnunaráætlun sem setur fram skýr hlutverk og ábyrgð, tækifæri til samstarfs og stig sjálfstæðis á öllum kerfisstigum.

Burns (2015) bendir á að skilvirkir stjórnarhættir virki með því að byggja upp getu, opna umræðu og þátttöku hagsmunaaðila. Stjórnun er jafnvægi á milli ábyrgðar og trausts, nýsköpunar og áhættuafstýringar, að skapa samstöðu og taka erfiðar ákvarðanir. Grundvallarstigið er áfram mikilvægt – jafnvel í dreifstýrðum kerfum – til að koma af stað og stýra menntun með stefnumótandi sýn, skýrum leiðbeiningum og endurgjöf (Evrópumiðstöðin, 2017b). Hins vegar skiptir sköpum á hvaða stigi stefna er mótuð og ákvarðanir teknar – og tengslin á milli þessara þrepa. Hagsmunaaðilar verða að gera sér grein fyrir sjálfstæði og ákvarðanatöku innan ábyrgðarsviða sinna og vera vel undirbúnir og studdir í slíkri þróun. Ainscow (2015) bendir á að stefnumótendur verði að viðurkenna að smáatriði stefnunnar eru ekki móttækileg fyrir miðlægum reglugerðum – og að þeir sem skilja staðbundið samhengi bregðast betur við þeim. Treysta skal þessum staðbundnu hagsmunaaðilum til að starfa í þágu nemenda og vinna saman í þágu allra.

Donnelly (2016; Evrópumiðstöðin, 2017b) heldur því fram að uppbygging getu til að auka árangur sveitarfélaga feli nauðsynlega í sér:

- Forystu sem „virkjar“ og miðar að því að þróa samstarfsmenningu sem byggir á skýrri sýn
- Stuðning við faglega starfsþróun sem eykur sameiginlega og einstaklingsgetu til að innleiða hágæða menntun fyrir alla
- Nýsköpun sem er innleidd með rými til að læra af reynslu og mistökum
- Ábyrgð sem metur víðtækari árangur, ekki auðveldar ráðstafanir sem eru knúnar áfram af markaðsöflum
- Markviss fjármögnun
- Greinargóð og skýr innlend gildi varðandi jafnræði og nám fyrir alla.

Til að þróa slíka framkvæmd gæti þurft verulegar breytingar á skipulagi og menningu hvað varðar ábyrgð. Þetta gæti falið í sér að sveitarfélög færast frá sjónarhorni „stjórnar og eftirlits“ í átt að því að virkja og auðvelda samstarfsaðgerðir (Ainscow, Dyson, Hopwood og Thomson, 2016), með það í huga að menntun fyrir alla er sameiginleg ábyrgð (Ydo, 2020).

Samstarf á öllum kerfisstigum er nauðsynlegt. Þetta skal taka til vinnu milli menntamálaráðuneyta og annarra, eins og félags- og heilbrigðisráðuneyta. Svipuð samvinna ætti að vera á milli þessara geira, miðstöðva, stofnana þriðja geira og skóla á staðbundnum vettvangi (Evrópumiðstöðin, 2018c).

Að lokum ætti stjórnun að tryggja áherslu á jafnræði. Framkvæmdastjórn ESB/EACEA/Eurydice (2020) benda á að stjórnun (og fjármögnun) sem hafa áhrif á jafnræði feli í sér:

- Val á skólum og aðgreiningu regluverka



- Akademíska aðgangsviðmiðun, forskimun og endurtekningar einkunna
- Sjálfstæði skóla þar sem hátt stig getur leitt til mismunar á gæðum og haft áhrif á jafnræði
- Ábyrgð sem tengist hæfni og niðurstöðum nemenda, auk annarra ráðstafana
- Aðgerðir til að styðja við skóla og námsmenn sem standa höllum fæti og ná ekki árangri
- Tómsundur utan skóla.



**Alhliða gæðatryggingar- og ábyrgðarramma fyrir eftirlit, endurskoðun og mat sem styður hágæða úrræði fyrir alla nemendur, með áherslu á réttlát tækifæri fyrir þá sem eru í hættu á jaðarsetningu eða útlökun.**

Vitundarvakning og samtal við hagsmunaaðila ættu að gefa tækifæri til að koma sér saman um sýn á skilvirkri framkvæmd á menntun fyrir alla, takast á við undirliggjandi forsendur, viðhorf og gildi, greina forgangsröðun og meta framfarir (Evrópumiðstöðin, 2014a). Það getur skýrt frekar hlutverk, ábyrgð og ábyrgðarskyldu hagsmunaaðila og stutt við þróun vísbenda sem endurspeglar væntingar. Þegar kerfi sjá nemendur á heildrænni hátt og meta fjölbreyttar niðurstöður nemenda er þörf á yfirgrípsmeira safni gæðaviðmiða. UNESCO (2017a) bendir á að:

Í löndum með þröngt ígrunduð viðmið til að skilgreina árangur geta eftirlitskerfi hindrað þróun menntakerfis fyrir alla. Vel starfhæft menntakerfi krefst stefnu sem leggur áherslu á þátttöku og árangur allra nemenda (bls. 21).

Auk þess að safna vitnisburðum í tengslum við – eða mæla – þá færni og hæfni sem þarf fyrir árangur nemenda í skólanum og í framtíðarlífi þeirra, verður eftirlit að innihalda nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um úrræði og um aðrar innlagnir, uppbyggingu og ferla sem hafa að lokum áhrif á nám. Slíkar ráðstafanir eru sérstaklega mikilvægar í tengslum við reynslu minnihlutahópa og þeirra sem eru hugsanlega viðkvæmir fyrir árangri undir væntingum, til að styðja við réttláta framkvæmd. Gæðastaðlar og vísbendar geta hjálpað skólum að fella gæðatryggingu inn í stefnur sínar og starfa sem menntastofnanir sem hafa það að markmiði að bæta starfshætti sína stöðugt (Ebersold og Meijer, 2016).

Vísbendar um menntun fyrir alla í og við skóla geta einnig lagt áherslu á að nemandinn sé í miðjunni í röð kerfa sem vinna saman að því að móta þróun þeirra (Evrópumiðstöðin, 2016a; 2017a). Þetta getur aftur á móti stutt við samræmi og samræmt aðgerðir við áætlanagerð, innleiðingu, eftirlit og mat á skóla-, samfélags-, svæðis- og landsvísu. Einkum getur vitnisburður úr matsferlinu þjónað til að styrkja skipulegt nám og þátttöku og þróun hagsmunaaðila á öllum stigum.

Vísbendar geta stutt skilning á stefnu, áætlun og innleiðingu og sýnt hversu vel kerfi stuðlar að framsæknum breytingum (Downes, 2014a; 2014b). Mikilvægt er að skipulagsvísbendar geti veitt almenna innlenda ramma yfir þau lykilatriði sem fjalla þarf



um (Downes, 2015). Þetta hjálpar til að bera kennsl á skilyrði til að ná árangri um leið og faglegt mat hagsmunaaðila er virt og forðast miðstýrð fyrirmæli.

Umfram allt skulu hagsmunaaðilar að taka þátt í ábyrgðarkerfinu þar sem eignarhald getur stutt faglega starfsþróun, ígrundun og áframhaldandi úrbætur innan og þvert á skóla.



**Samfella af starfsþróun kennara – grunnmenntun kennara, innsetningu og áframhaldandi starfsþróun fyrir kennara og kennaramenntara – sem þróar hæfnisvið allra kennara varðandi mat og þarfagreiningu, skipulagningu námskrár (altæka hönnun), almenna kennslufræði, þátttöku við og í rannsóknum og notkun vitnisburða.**

Ráð Evrópusambandsins (2020) leggur áherslu á nauðsyn faglegrar samfellu til að:

... fara kerfisbundið yfir námstækifæri sem tengjast vinnu í margtyngdu og fjölmenningarlegu umhverfi, vinnu með nemendum með sérþarfir og sem standa höllum fæti, stafræna kennslufræði, sjálfbæra þróun og heilbrigðan lífsstíl (bls. 5).

Ráðið viðurkennir einnig þörfina fyrir faglegt sjálfstæði til að mæta ýmsum áskorunum. Þetta felur í sér að styðja við heildrænan þroska nemenda með fjölbreyttari námsþarfir og þörfina á uppbyggilegum og gagnkvæmum stuðningi við aðra hagsmunaaðila.

Vinna miðstöðvarinnar undirstrikar einnig þörfina á skýrum og samfelldum tengslum milli grunnmenntunar kennara, innsetningar og áframhaldandi starfsþróunar til að mynda samfellu af faglegu námi kennara (þar á meðal bæði formleg og óformleg námstækifæri) (Evrópumiðstöðin, 2015b). Brotakennd frumkvæði eru ófullnægjandi til að búa alla kennara undir að hafa alla nemendur með á markvissari hátt. Þau draga einnig úr breytileika í skilvirkni kennara, sem hefur áhrif á nám (Evrópumiðstöðin, 2019a).

Að bæta starfsþróun kennara krefst starfsþróunar kennaramenntara. Þeir ættu að hafa þekkingu og reynslu af menntun án aðgreiningar, sem og reynslu í skólum, til að gera þeim kleift að þróa hæfni hjá öðrum.

Til viðbótar við þau grunngildi og hæfnisvið sem lýst er í *Færnilýsingu fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* (Evrópumiðstöðin, 2012), þarf eftirfarandi sérsvið til að styðja við framkvæmd skóla fyrir alla:

- Þekking og skilningur á hlutverkum mats á einstaklingum og notkun upplýsinga til að bæta nám, veita stuðning til að yfirstíga hindranir og til að hafa eftirlit með og meta kennsluaðferðir. Þau er einnig hægt að nota til að tilkynna til foreldra og annarra hagsmunaaðila og dæma heildar frammistöðu skólans.
- Hæfni til að vinna með öðrum að því að skipuleggja viðeigandi námskrá sem gefur öllum nemendum tækifæri til að uppfylla hæfileika sína.
- Færni til að nota margvíslegar gagnreyndar kennsluaðferðir til að veita öllum nemendum persónulegan stuðning. Þessi stuðningur ætti að gera nemendum kleift



að nálgast námsefni og úrræði, vinna úr upplýsingum og sýna skilning sinn á margvíslegan hátt.



**Einn námskrárramma sem er nægilega sveigjanlegur til að veita öllum nemendum viðeigandi tækifæri og matsrammi sem viðurkennir og staðfestir afrakstur og víðtækari árangur.**

Þróa verður sveigjanlegan ramma um námskrár til að skapa grunn til að skipulagningu viðeigandi námstækifæra fyrir **alla** nemendur, án sérstakra námskráa sem geta takmarkað væntingar og tækifæri fyrir suma viðkvæma hópa.

Alþjóðlega menntaskrifstofan hjá UNESCO (2019) skilgreinir heildtæka námskrá sem:

... tekur tillit til og kemur til móts við fjölbreyttar þarfir, fyrri reynslu, áhugamál og persónulega eiginleika allra nemenda. Þar er reynt að tryggja að allir nemendur séu hluti af sameiginlegri námsupplifun skólastofunnar og að jöfn tækifæri séu veitt án tillits til margbreytileika nemenda.

Hins vegar, eins og UNESCO (2020) bendir á, beinir þessi skilgreining athygli að nokkrum áskorunum. Í fyrsta lagi er pólitísk togstreita um hvers konar samfélag fólk sækist eftir að ná fram í gegnum menntun. Í öðru lagi eru hagnýtar áskoranir í því að tryggja sveigjanleika til að þjóna fjölbreyttu samhengi og þörfum án þess að aðgreina nemendur. Í þriðja lagi eru tæknilegar áskoranir í því að tryggja að námskráin þjóni jafnræði með því að vera viðeigandi og búa til brýr til að tryggja að enginn nemandi sé skilinn útundan.

Alves, Pinto og Pinto (2020) álykta:

Ef skólar eru hvattir til að vera fyrir alla, en til eru forskriftir í námskrá sem gerir kennurum ekki kleift að laga innihald, kennslufræðilegar nálganir eða mat á einstaklingum að ólíkum eiginleikum og þörfum nemenda, þá getur þversögnin sem af því leiðir komið í veg fyrir raunverulegt aðgreiningarleysi (bls. 282).

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur einnig undirstrikað þörfina á sveigjanlegum aðferðum, einkum blönduðu og rafrænu námi, til að stýra nemendum með margvíslegar þarfir og áhugamál. Þessir nemendur gætu þurft margvíslegar aðlaganir hvað varðar hraða, framsetningu, innihald, viðbrögð o.s.frv.

Lönd skulu þróa matsramma fyrir heildtækt mat sem getur greint og metið framfarir og árangur allra nemenda, sem er nátengdur námskránni. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2016) segir að:

Í stað staðlaðs mats verður að koma sveigjanlegu og margvíslegu mati á einstaklingum og viðurkenningu á framförum einstaklinga í átt að víðtækum markmiðum sem veita aðrar leiðir til náms (bls. 9).



Mat á einstaklingum á fyrst og fremst að styðja við nám. Það ætti að ná til allra niðurstaða náms (þ.e. akademísk og víðtækari námssvið) í gegnum námskrána og óformleg, formlaus og félags- og tólmundastörf. Hér er hægt að nota upplýsingar um mat á einstaklingum til að aðlaga námskrá og kennsluaðferðir, greina og yfirstíga námshindranir og upplýsa um ákvarðanir um stuðning.

Þegar kennarar bera kennsl á hindranir á námi með áframhaldandi einstaklingsmati sínu skulu þeir vinna með sérfræðingum að því að kanna nánar bæði eiginleika nemandans og umhverfislegar breytur.

Einstaklingsmat kann að vera tengt við hæfi fyrir viðbótarúrræði eða þjónustu (t.d. innlög frá sérkennurum fyrir nemendur með sjónskerðingu). Hins vegar ætti það ekki að leiða til flokkunar, hörfunar eða sérstaks úrræðis. Stuðningur skal byggjast á stuðningsþörfum nemenda án þess að krefjast formlegrar vottunar sem getur leitt til stefnumótandi hegðunar.

Reglubundið lokamat getur stutt áframhaldandi einstaklingsmat. Það er hægt að nota til skýrslugerðar, til að votta framfarir og árangur, úthluta fjármagni og flokka nemendur fyrir gagnagreiningu. Hins vegar ætti hlutverk þýðingarmikils mats að vera skýrt til að forðast ófyrirséðar afleiðingar, eins og próf og hugsanlega þrengingu á námskrá. Árangur nær lengra en að uppfylla akademískar kröfur (t.d. eins og stöðluð próf mæla það) og huga skal að „gagnrýninni hugsun, samstarfsfærni, sköpunargáfu, sjálfstæði og getu til að leysa vandamál“ (Evrópumiðstöðin, 2016c, bls. 19). Eins og fram hefur komið hér að ofan skulu matsrammar tryggja að svið sem áður töldust minna mikilvæg en framfarir í bóklegu námi, eins og félagsleg og tilfinningaleg vellíðan, séu viðurkennd sem nauðsynleg fyrir nám og árangur.

Alves, o.fl. (2020) gefa til kynna að notkun matsupplýsingar krefjist gagnrýnnar umhugsunar um merkingu árangurs þar sem „hugmyndir um árangur tengjast námskránni og hvaða tegundir og gerðir þekkingar eru metnar“ (bls. 282).

Að lokum geta matsupplýsingar upplýst eftirlit með og mati á námskrá, kennsluaðferðum, stuðningsáætlunum, nemendahópum, úthlutun fjármagns og öðrum þáttum skólaskipulags.

## **Virkir þættir fyrir námskerfi án aðgreiningar**



Eftirfarandi meginreglur tengjast átta virkar leiðir, skipulag og ferli sem teljast nauðsynleg fyrir stefnu og framkvæmd skóla fyrir alla.



**Skipulag og ferli til að auðvelda samstarf og skilvirk samskipti á öllum stigum – milli ráðuneyta, ákvarðanatökuaðila á svæðis- og sveitarfélagastigi og milli þjónustu og fagsviða, þar með talið frjálsra félagasamtaka og skóla.**

Menntastefna er að mótast í sífellt flóknara umhverfi, þar sem menntakerfi færast frá miðstýrðu skipulagi og yfir í láréttari samskipti milli margra hagsmunaaðila (Viennet og Pont, 2017). Þetta leiðir til breytinga á aðferðum við innleiðingu stefnu, með meiri



samningaviðræðum og þátttöku kennara, skólastjórnenda, nemenda, staðbundinna og svæðisbundinna stefnumótenda menntastefnu, meðal annarra (OECD, 2020).

Samskipti eru greinilega mikilvægur farvegur bæði til að koma skilaboðum á framfæri og safna endurgjöf. Þau eru einnig mikilvæg til að skapa sátt milli hagsmunaaðila, öðlast stuðning almennings og hlúa að eignarhaldi á stefnu (OECD, 2020).

UNESCO (2017a) leggur áherslu á nauðsyn þess að leiðtogar á öllum stigum setji sér skilyrði til að takast á við framkvæmd náms með aðgreiningu, mismunun og misrétti. Þetta gerir þeim kleift að „byggja upp samstöðu og skuldbindingu um að hrinda almennum gildum um þátttöku og jafnræði í framkvæmd“ (bls. 26).

Á staðarvísu bendir miðstöðin á að samfélag samstarfsnáms sé lykill þess að ná árangri. Framfarir í skólastarfi skulu knúnar áfram af skuldbindingu alls skólasamfélagsins um að finna betri leiðir fyrir alla til að lifa, starfa og læra saman. Þær fela í sér að skapa samstarf, með því að vinna saman og taka þátt í sameiginlegri starfsemi til að koma á sjálfbærri þróun (Evrópumiðstöðin, 2018e).



### **Stefna til að auka þátttöku í gæðamenntun ungra barna án aðgreiningar og styðja fjölskyldur sem standa höllum fæti.**

Rannsóknir sýna að það er augljós ávinningur fyrir börn sem taka þátt í menntun og umönnun ungra barna hvað varðar heildarþroska þeirra, en þó sérstaklega frammistöðu í bóklegu námi. Þessi niðurstaða á sérstaklega við um nemendur sem standa höllum fæti (Evrópumiðstöðin/EACEA/Eurydice, 2020), þar sem hún bætir félagslega þátttöku þeirra og möguleika í lífinu til lengri tíma litið. Hins vegar er fjárfesting í slíkum úrræðum aðeins þess virði ef þjónustan er af miklum gæðum, aðgengileg, á viðráðanlegu verði og innifalin (Ráð Evrópusambandsins, 2019). Úrræðið þarf einnig að vera „hluti af samþættum pakka stefnumiða sem byggjast á réttindum barna til að bæta niðurstöður fyrir börn og rjúfa óhagræði milli kynslóða“ (í sömu heimild, bls. 1).

Varðandi stuðning við fjölskyldur, þá er þjónusta tengd menntun og umönnun ungra barna oft fyrsta persónulega sambandið við foreldra. Sem slík getur hún myndað góðan grunn að samþættri nálgun á þjónustu, eins og ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga í erfiðleikum.

Evrópuþing, Ráð Evrópusambandsins, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2017) setur fram nokkur lykilatriði sem viðmið fyrir félagslega stefnu. Þar á meðal er meginregla 11 um umönnun barna og stuðning við börn. Meginregla 11 viðurkennir mikilvægi menntunar og umönnunar ungra barna fyrir betri niðurstöður barna síðar á ævinni, réttar til menntunar á viðráðanlegu verði og góðrar umönnunar og rétt hvers barns til verndar gegn fátækt. Hún felur einnig í sér rétt barna sem standa höllum fæti til „sértækra aðgerða til að auka jöfn tækifæri“ til að tryggja aðgang þeirra að fullnægjandi félagslegum stuðningi og tækifærum í lífinu (í sömu heimild, bls. 19). Í stoð 9 er lögð áhersla á rétt til jákvæðs jafnvægis á milli vinnu og einkalífs fyrir „foreldra og fólk með umönnunarskyldur“, þar með talið „viðeigandi leyfi, sveigjanlegt vinnufyrirkomulag og aðgang að umönnunarbþjónustu“ (í sömu heimild, bls. 16).





Þátttaka í menntun og umönnun ungra barna í ESB hefur aukist á liðnum árum vegna samspils þátta. Þar á meðal er fjárfesting í fleiri dagvistunarplássum, víðtækari miðlun upplýsinga um tiltæk úrræði, hafa úrræði menntunar og umönnunar ungra barna á viðráðanlegu verði og, í sumum tilfellum, að gera þátttöku í menntun og umönnun ungra barna að skyldu.



**Stefna til að styðja alla nemendur á tímum tilfærslu á milli námsáfanga – og sérstaklega þegar þeir nálgast fullorðinsaldur – með starfsmenntun og starfsþjálfun, framhalds- og háskólamenntun, sjálfstæðri búsetu og atvinnu.**

Tilfærsla milli menntunarstiga krefst samræmingar til að tryggja að menntun haldi snurðulaust áfram. Börn sem standa höllum fæti þurfa að takast á við auknar áskoranir við tilfærslu úr menntun ungra barna yfir í skóla. Í slíkum tilvikum geta lönd brugðist við með tungumálastuðningi og fjárhagslegum ráðstöfunum til að styðja við þátttöku (UNESCO, 2020). Hins vegar er tilfærsla milli efri bekkja barnaskóla og framhaldsskóla og aðlögun að samfélaginu oft erfiðari (Moriña, 2017).

Miðstöðin benti á lélega tilfærslu til fullorðinsára sem eina skilgreiningu á brotthvarfi úr skóla. Hún benti á að áhrifaþættir á skólastigi innihéldu skipulag og framkvæmd skóla eins og að stuðla að vaxtarhugarfari til að takast á við litla sjálfstrú og sjálftraust, útrýma hindrunum í námi og aðferðir til að auka áhugahvöt og þátttöku (Evrópumiðstöðin, 2019b).

Rannsóknir benda til þess að það að skipa nemendum – sérstaklega á unga aldri – inn á lægri starfsbrautir geti bæði aukið ójafnræði í menntun og haft neikvæð áhrif á menntunarstig. Það kemur í veg fyrir að sumir nemendur komist yfir í háskólanám án þess að öðlast viðbótarhæfni (Framkvæmdastjórn ESB/EACEA/Eurydice, 2020).

Framkvæmdastjórn ESB (2017a) leggur til að lönd ættu að þróa mismunandi leiðir til menntunar til vottunar og stuðla að sveigjanlegum námsferlum. Þetta mun veita öllum nemendum tækifæri til að ná viðurkenndri hæfni, finna þroskandi starfshæfni og uppfylla persónulegan þroska. Það er líka hagkvæmt ef gegndræpi er á milli mismunandi brauta (til dæmis bóklegs náms og starfsnáms) til að veita meiri sveigjanleika og auðvelda val nemenda.

Að lokum komst miðstöðin að því að hágæða tilfærsluáætlanir sem eru veittar á unglingsstigi kunna að auka líkurnar á því að fatlað fólk fái atvinnu – sérstaklega ef þessar áætlanir eru byggðar á samfélaginu (Evrópumiðstöðin, 2018d). Menntun í námssamfélagi fyrir alla getur einnig haft áhrif á hvers konar atvinnu fatlað fólk hefur aðgang að. Nemendur hafa tækifæri til að öðlast meiri bóknáms- og starfsréttindi, með líkum á víðtækari atvinnutækifærum.



**Skipulag og ferli til að auðvelda samstarf milli skóla, foreldra og samfélagsþegna til að styðja við skólaþróun án aðgreiningar og auka framfarir nemenda.**

Þátttaka fjölskyldunnar í menntunarferlinu skiptir sköpum. Hins vegar, eins og UNESCO (2017a) bendir á, gæti foreldra skort sjálfstraust og það gæti verið nauðsynlegt að vinna að því að þróa getu þeirra og byggja upp tengslanet.

Alþjóða menntaskrifstofa UNESCO (2016) dregur fram nokkur lykilatriði sem þarf að hafa í huga þegar unnið er með fjölskyldum:

- Fjölskyldur og samfélög eiga rétt á þátttöku og geta lagt sitt af mörkum. Einkum hafa þær þekkingu á börnum sínum sem fagfólk skortir.
- Uppbygging á þátttöku fjölskyldna og samfélags er ferli sem er skref fyrir skref og byggir á trausti. Sérstakrar viðleitni er þörf til að stuðla að þátttöku jaðarsettra hópa.
- Fjölskyldur og samfélagshópar geta stundum tekið forystuhlutverk sem aðgerðarsinnar fyrir menntun fyrir alla.
- Réttur fjölskyldna til þátttöku getur verið innbyggður í löggjöf eða inn í stjórnunarkerfi skóla.
- Samfélög geta einnig með góðum árangri tekið þátt í stjórnun skóla eða menntakerfisins í heild.
- Skólar geta virkað sem úrræði fyrir samfélagið með því að bjóða upp á þjónustu eða verða grunnur annarra miðstöðva (bls. 32).

Fyrir utan fjölskylduna hjálpar samvinna við samfélagið á staðnum skólum að auðga námsupplifun og námsárangur og styðja betur ungt fólk til að þróa þá hæfni sem það þarf. Þetta getur falið í sér samstarf við staðbundna þjónustu, samfélagsmiðstöðvar, fyrirtæki, aðra skóla, framhaldsskóla og háskóla (Framkvæmdastjórn ESB, 2017b). Með því að koma á samstarfi við annað fagfólk (t.d. heilbrigðis-, félagsþjónustu, stofnanir í þriðja geira) getur enn frekar stutt við aukningu á þekkingu og aukið færni skólasamfélaga til að mæta viðtækara sviði fjölbreyttra þarfa, um leið það bætir námskrána og eykur gæði úrræða fyrir alla nemendur.





#### Kerfi fyrir gagna-/upplýsingarsöfnun sem:

- veitir endurgjöf til að upplýsa áframhaldandi úrbætur í öllu kerfinu (t.d. eftirlit með aðgangi að formlegri og óformlegri menntun, þátttöku, námi og faggildingu);
- styður þá sem taka ákvarðanir á öllum stigum til að bera kennsl á „merki“ sem gefa til kynna nauðsyn brýnna aðgerða varðandi skóla sem þurfa viðbótarstuðning.

Frá sjónarhóli stefnunnar er aðgangur að gildum og áreiðanlegum gögnum sem gagnagrunnur til að þróa menntastefnu fyrir alla á svæðis-, lands- og alþjóðavísu nauðsynlegur (Evrópumiðstöðin, 2014b).

Með því að leggja áherslu á þörfina á endurnýjaðri áherslu á vöktun með jafnræðislinu, bendir sjálfbært þróunarmarkmið 4 á að gögn skulu vera áreiðanleg, veitt í tæka tíð og sundurliðuð. Þessi áhersla á jafnræði krefst einnig meiri getu til að greina gögn um þátttöku og niðurstöður náms á öllum stigum (UNESCO, 2017b). Ennfremur eykur framsetning gagna á aðgengilegan og notendavænan hátt notkun þeirra fyrir alla hagsmunaaðila og vinnur að áframhaldandi úrbótum.

Miðstöðin bendir á að aðgangur að hvers kyns gerð menntunar er jafnræðismál sem virkar sem forsenda allra annarra mála (Evrópumiðstöðin, 2020). Miðstöðin veitir samþykktar skilgreiningar til að styðja við söfnun gagna um nemendur sem eru utan hvers kyns viðurkenndrar menntunar, sem ná út fyrir skólann. Skýrsla hennar (á sama stað) viðurkennir einnig að sumir nemendur verða ósýnilegir – ekki auðkenndir af neinum gögnum eða eftirlitskerfi og ekki sýndir í neinum gagnagrunni. Þar er lögð áhersla á að þótt fjöldi þessara nemenda kunni að vera afar líttill ættu lönd að viðurkenna að þeir séu til staðar og íhuga ólíkar gerðir upplýsingaöflunar til að gera þá sýnilegri.

*Alþjóðleg skýrsla um eftirlit með menntun* (UNESCO, 2020) setur fram tvíþátta lykil tilgang með gagnasöfnun í tengslum við menntun fyrir alla:

Í fyrsta lagi geta gögn bent á eyður í tækifærum til menntunar og niðurstöðum meðal nemendahópa. Þau geta borið kennsl á þá sem eru í hættu á að hellast úr lestinni og hindranir fyrir menntun fyrir alla. Í öðru lagi, með gögnum um hverjir hellast úr lestinni og hvers vegna, geta stjórnvöld þróað gagnreyndar stefnur og fylgst með innleiðingu þeirra (bls. 65).

Mikilvæg áskorun á þessu starfssviði er að þótt upplýsingaöflun sem tengist menntun fyrir alla verði að leggja áherslu á réttindi alls þýðis nemenda, þurfa gögn af kerfisstigi að skoða sérstaklega þá hópa nemenda sem gætu verið í hættu á jaðarsetningu, útilokun eða árangri undir væntingum (Ainscow, o.fl., 2016).

Þó að tölfræðilegar upplýsingar kunni að vera tiltækar um svið eins og mætingu nemenda, hegðun og framfarir, eru kerfi í auknum mæli að þróast til að fylgjast með nemendum og



veita upplýsingar um það virði sem skólinn skapar. Þó að hægt sé að safna eiginlegum upplýsingum úr könnunum hagsmunaaðila o.s.frv., taka Ainscow o.fl. fram að:

... tölfræðilegar upplýsingar einar og sér segja okkur mjög lítið. Það sem dregur slík gögn fram í dagsljósið er þegar „innherjar“ fara að rýna í og spyrja spurninga saman um mikilvægi þeirra og koma ítarlegri reynslu sinni og þekkingu til skila við túlkunarferlið (í sömu heimild, bls. 29).

Mikilvægt er að gögn skuli endurspegla víðtæka sýn á menntun og ganga lengra en að mæla niðurstöður í þeim tilgangi að bera saman, til að mæla hvað er raunverulega metið í menntun fyrir alla á skólastigi, staðar-, svæðis- og landsvísu og jafnvel alþjóðlegum vettvangi.



**Stefna til að þróa sérúrræði til að styðja alla nemendur og auka getu almennra skóla, sem lýsir þverfaglegu starfi og faglegri starfsþróun fyrir allt starfsfólk í smáatriðum.**

Innan skuldbindingar um menntun fyrir alla þurfa leiðtogar að hafa á hreinu hvernig sérfræðiþekking og úrræði úr sérúrræðum geta stutt við flutning yfir í aðgreiningar minna kerfi, um leið og þeir tryggja gæðastuðning fyrir nemendur úr hugsanlega viðkvæmum hópum.

Með hliðsjón af þessum vanda bendir Alþjóða menntaskrifstofa UNESCO (2016) á að gagnlegt sé að huga að greinarmun á þörfum, réttindum og tækifærum:

Öll börn hafa þarfir (t.d. fyrir kennslu við hæfi), en þau eiga líka rétt á að taka fullan þátt í sameiginlegri félagsstofnun (almennum skóla á staðnum) sem býður upp á margvísleg tækifæri fyrir þau. Of oft neyðast foreldrar til að velja á milli þess að tryggja að þarfir barna þeirra séu uppfylltar (sem felur stundum í sér vist í sérskólum) og að tryggja að þau hafi sömu réttindi og tækifæri og önnur börn (sem, samkvæmt Salamanca yfirlýsingunni, felur í sér almenna skólavist) (bls. 35).

Hún leggur áherslu á að markmiðið ætti að vera að búa til kerfi þar sem þessar ákvarðanir eru ekki lengur nauðsynlegar.

Á tilfærslutímabilinu geta sérúrræði gegnt mikilvægu hlutverki með því að breytast í ráðgjafarmiðstöðvar til að styðja við almenna skóla (UNESCO, 2017a). Slíkar miðstöðvar skulu veita skólum stuðning til að:

- þróa getu sína til að uppfylla fjölbreyttari þarfir nemenda;



- þróa hæfni staðbundinna leiðtoga og skólastjórnenda sem og kennara til að efla samstarf við annað fagfólk, til að tryggja hágæða stuðning fyrir alla nemendur.



**Stefna til að þróa og styðja skólastjórnendur sem vinna með öðrum að því að skapa aðgreiningarlaus og réttlát gildi í skólastarfi með sterkum tengslum, miklum væntingum, forvirkum og fyrirbyggjandi aðferðum, sveigjanlegu skipulagi og samfelldum stuðningi til að grípa inn í þegar nemendur eru í hættu á brotthvarfi og útilokun.**

Skilvirk skólastjórnun hefur jákvæð áhrif á árangur nemenda, kennslugæði og áhugahvöt starfsfólks (Framkvæmdastjórn ESB, 2017b). Miðstöðin leggur til að leiðtogar:

... taki ábyrgð á og beri virðingu fyrir öllum nemendum. Þeir vinni að því að tryggja fulla þátttöku og virkni nemenda með því að setja skýra stefnu, þróa starfsfólk og aðra hagsmunaaðila og nota allar tiltæka vitnisburði, reynslu og sérfræðiþekkingu til að skapa og viðhalda lærdómssamfélaginu með samstarfi og styðja alla til að ná sem bestri niðurstöðu (Evrópumiðstöðin, 2019c, bls. 10).

Ennfremur leggur þetta áherslu á hlutverk skólastjórnenda í að takast á við ójafnræði og byggja upp samfélag í menningu þar sem fjölbreytileiki er metinn.

Með því að vinna að kerfisúrbótum geta leiðtogar skapað tækifæri fyrir starfsfólk skóla til að:

- taka að sér aukahlutverk við kennslu í kennslustofum (t.d. samhæfingar- eða forystuhlutverk; stuðning við samstarfsfólk, þar með talið handleiðslu, faglega starfsþróun, þátttöku í skólaþróun) og starfa á öðrum kerfisstigum (t.d. verkefnavinnu, félags- og tómsundastarf, samstarf við utanaðkomandi samstarfsaðila);
- taka þátt í þróun menntakerfisins (t.d. mati á skólum, samtali um stefnur, stefnumótun);
- taka þátt í tengslaneti skóla á milli til að deila sérfræðiþekkingu og kennsluúrræðum, dreifa nýbreytni eða styðja skólaþróun (Framkvæmdastjórn ESB, 2018).

Miðstöðin tekur saman helstu aðgerðir sem þarf til að auka árangur nemenda (Evrópumiðstöðin, 2018e):

- **Skapaðu menningu um að auka árangur.** Þetta krefst þess að leiðtogar þrói gildi í skólastarfi fyrir alla, með jákvæðum tengslum og áherslu á vellíðan nemenda. Starfsfólk og aðrir hagsmunaaðilar taka þátt í rannsóknum og gera miklar væntingar til allra nemenda.
- **Aflétu takmörkunum á námi.** Þetta krefst þess að leiðtogar þrói í sameiningu áreiðanlega námskrá sem styður aðgang allra nemenda að þýðingarmiklum



námstækifærum með almennri kennslufræði og notkun mats á einstaklingum fyrst og fremst til náms.

- **Þróðu kerfi með gagnkvæmum stuðningi.** Þessi aðgerð viðurkennir mikilvægt hlutverk leiðtoga við að auðvelda stuðning, fyrir nemendur en einnig fyrir kennara, til að gera öllum kleift að taka framförum innan lærdómssamfélagsins. Leiðtogar viðurkenna einnig eigin stuðningsþarfir og sjá til þess að þær séu uppfylltar, t.d. með tengslamyndun og samstarfi um faglega starfsþróun.
- **Hlúðu að öllum nemendum.** Hér er talið mikilvægt að hlustað sé á nemendur. Leiðtogar hvetja kennara og aðra til að bregðast við á þann hátt sem hvetur til þróunar vaxtarhugarfars til að styðja við árangur.
- **Deildu forystunni.** Leiðtogar sem starfa á mismunandi kerfisstigum – skóla-, staðar-, svæðis- og landsvísu – virkja alla hagsmunaaðila í að þróa sýn fyrir alla og tryggja skuldbindingu frá samstarfsfólki og frá hinu víðtækara samfélagi í kringum skólann.
- **Leggðu áherslu á það sem skiptir máli.** Skólar hafa eftirlit með framförum nemenda, þátttöku og virkni og leggja mat á stefnu og framkvæmd. Leiðtogar tryggja að upplýsingar séu notaðar til enn frekari úrbóta og setja nemendur í forgrunn.
- **Náum betri árangri saman.** Leiðtogar liggja til grundvallar samstarfs við samstarfsfólk og sérfræðinga í skólum og í samstarfi við aðra skóla, samtök og stuðningsþjónustu. Þeir gera sér grein fyrir mikilvægu hlutverki fjölskyldna og annarra meðlima samfélagsins á staðnum í þróun skóla fyrir alla.



**Leiðbeinandi rammi til að þróa náms- og kennslumhverfi þar sem raddir nemenda heyrast og réttindum þeirra er framfylgt með persónulegri nálgun við nám og stuðning.**

Framkvæmdastjórn ESB (2017a) setur fram metnaðarfull áform um kennslu- og námsumhverfi. Þar er lagt til að aðildarríkin eigi að:

... hvetja til aðferða sem styðja nemendur í menntun og starfsþjálfun, þar með talið með því að safna endurgjöfum nemenda um námsreynslu sína, ásamt úrræðum til aðgreiningarleysis og jafnræðis sem reyna að bæta upp mismunandi upphafsstöðu, þ.e. úrræði sem fara umfram jöfn tækifæri, til að tryggja menntun fyrir alla í fjölbreytileika og framfarir í átt að jafnræði (bls. 2).

Þegar hlustað er á nemendur og þeir fá að hafa áhrif á líf sitt verða kennarar og nemendur meðhöfundar í kennslu- og námsferlinu. Nemendur, kennarar, foreldrar og samfélög vinna saman að því að styðja framfarir í átt að sameiginlegum markmiðum (OECD, 2019).

Það sem skiptir sköpum er að ekki er hægt að ná einstaklingsmiðuðu námi og stuðningi með því að flytja sérstaka hugsun og framkvæmd á menntun (til dæmis einstaklingsmiðuð eða aðgreind hópviðbrögð) inn í almennar aðstæður (UNESCO, 2017a). Skólar þurfa að



---

hverfa frá hugmyndinni um að bregðast við erfiðleikum „innan“ barnsins og reyna að láta nemendur passa inn í núverandi kerfi. Þess í stað ættu þeir að einbeita sér að því að breyta skipulagi skóla og ferla.

Einstaklingsmiðað nám eykur það sem er í boði fyrir alla í bekknum og beitir meginreglum altækrar hönnunar fyrir nám til að taka tillit til allra nemenda og taka mið af náms- og kennsluumhverfi. Frekar en að skipuleggja fyrir mestan hluta bekkjarins og síðan aðgreina fyrir suma ættu kennarar að hafa ýmsar aðferðir til að nota á sveigjanlegan hátt þannig að nemendur þurfi ekki að basla eða falla frá námi áður en þeir fá aðgang að stuðningi.

Nemendur með flóknari stuðningsþarfir gætu þurft viðbótarúrræði og innskot frá sérfræðingum. Hins vegar er hægt að veita mikilvægasta stuðninginn úr úrræðum sem eru í boði fyrir alla skóla – þ.e.a.s. nemendur sem styðja nemendur, kennarar sem styðja kennara, foreldra sem samstarfsaðilar í menntun barna sinna og samfélög sem stuðningsmenn skóla og annarra námsmiðstöðva (UNESCO Alþjóðleg menntaskrifstofa, 2016).



## NIDURSTÖÐUR

Skilvirkar breytingar á menntun krefjast viðurkenningar á því að innleiðingin er jafn mikilvæg og stefnumótunin sjálf. Það er lykilatriði í stefnum sem ná til skóla og skólastofa með góðum árangri (OECD, 2020).

Þær lykilatriði meginreglur sem kynntar eru í þessari skýrslu beinast því bæði að stefnumótun og innleiðingu og eru í samræmi við forgangsröðun aðildarlanda stofnunarinnar. Ljóst að menntakerfi eru ólík eftir löndum. Þetta eru kraftmikil, fjölþrepa kerfi með auknu flækjustigi sem stafar af menningarlegum, félagslegum, trúarlegum og öðrum samhengismun (til dæmis, mun á miðstýrði eða dreifðari stjórnun). Þess vegna, eins og Loreman, Forlin og Sharma (2014) benda á, eru engar „fljótlegar lagfæringar“ varðandi alþjóðlega viðeigandi vísbenda. Til lengri tíma litið gætu lönd hugsanlega notað þau lykilatriði sem eru sett fram í þessu skjali til að þróa slíka vísbenda. Þetta gæti upplýst söfnun og túlkun á bæði eigindlegum og meginindlegum gögnum innan gæðatryggingar- og ábyrgðarramma sem skiptir máli í eigin samhengi landanna.

Ef allir ofangreindir þættir eru til staðar ættu öll skólastig menntakerfisins að vinna saman að því að verða réttlátari, áhrifameiri og skilvirkari við að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda og auka árangur **allra** nemenda og hagsmunaaðila í kerfinu.



Ainscow, M., 2015. *Towards Self-Improving School Systems: Lessons from a city challenge* [Í átt að sjálfbætandi skólakerfum: Lærdómur af áskorun borgar]. Abingdon, Oxon: Routledge

Ainscow, M., Dyson, A., Hopwood, L. og Thomson, S., 2016. *Primary Schools Responding to Diversity: barriers and possibilities* [Grunnskólar bregðast við fjölbreytileika: Hindranir og möguleikar]. CPRT Research Survey 8. York: Cambridge Primary Review Trust. [cprtrust.org.uk/wp-content/uploads/2016/05/Ainscow-report-160505.pdf](http://cprtrust.org.uk/wp-content/uploads/2016/05/Ainscow-report-160505.pdf) (Síðast sótt í júlí 2021)

Alves, I. Pinto, P.C. og Pinto, T.J., 2020. „Developing inclusive education in Portugal: Evidence and challenges“ [Þróun menntunar fyrir alla í Portúgal: Vitnisburðir og áskoranir] *Prospects*, 49, 281–296

Alþjóðleg menntamálskrifstofa UNESCO, 2016. *Reaching Out to All Learners: A Resource Pack for Supporting Inclusive Education* [Að ná til allra nemenda: Úrræðapakki til stuðnings við menntun fyrir alla]. Genf: UNESCO Alþjóðleg menntaskrifstofa. [unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000243279](http://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000243279) (Síðast sótt í júlí 2021)

Alþjóðleg menntamálskrifstofa UNESCO, 2019. *Inclusive Curriculum* [Heildtæk námskrá]. Genf: Alþjóðleg menntamálskrifstofa UNESCO. [ibe.unesco.org/en/glossary-curriculum-terminology/i/inclusive-curriculum](http://ibe.unesco.org/en/glossary-curriculum-terminology/i/inclusive-curriculum) (Síðast sótt í júlí 2021)

Bešić, E., 2020. „Intersectionality: A pathway towards inclusive education?“ [Samtvinnun: leið til menntunar fyrir alla?] *Prospects*, 49, 111–122

Burns, T., 2015. *Governing Complex Education Systems. Trust and Education* [Stjórnun flókinnar menntakerfa: Traust og menntun]. Aðalkynning flutt á ráðstefnu OECD, Governing Complex Education Systems Conference, Haag, 7. desember 2015

Donnelly, V.J., 2016. *Decentralisation – an overview of international trends* [Valddreifing – yfirlit yfir alþjóðlegar vísbendingar]. Aðalerindi flutt á þemanámskeiði Evrópumíðstöðvarinnar um valddreifingu í menntakerfum, Reykjavík, 27. október 2016

Downes, P., 2014a. *Access to Education in Europe: A Framework and Agenda for System Change* [Aðgangur að menntun í Evrópu: Rammi og áætlun fyrir kerfisbreytingar]. Lifelong Learning Book Series. Dordrecht: Springer Verlag

Downes, P., 2014b. *Towards a Differentiated, Holistic and Systemic Approach to Parental Involvement in Europe for Early School Leaving Prevention* [Í átt að aðgreindri, heildrænni og kerfislegri nálgun við þátttöku foreldra í Evrópu til að koma í veg fyrir snemmbært brotthvarf úr námi]. París: Framkvæmdastjórn ESB, Urbact, Prevent





Downes, P., 2015. *Quality labels and structural indicators for social inclusion in schools – including relational systems for parental involvement and one-stop shop community centres [Gæðamerkingar og skipulagsvísbandar fyrir félagslega þátttöku í skólum – þar á meðal tengslakerfi fyrir þátttöku foreldra og samfélagsmiðstöðvar á sama stað]*.

Boðskynning hjá skólastefnuhópi framkvæmdastjórnar ESB, Rue Joseph II, Brussel, 4.–5. júní 2015

Ebersold, S. og Meijer, C., 2016. „Financing inclusive education: Policy challenges, issues and trends“ [Fjármögnun á menntun fyrir alla: Stefnuáskoranir, vandamál og vísbendingar], í A. Watkins og C. Meijer (ritstj.), *Implementing Inclusive education: Issues in bridging the policy-practice gap. International Perspectives on Inclusive Education*, 8. bindi. Bingley: Emerald

Ebersold, S., Watkins, A., Óskarsdóttir, E. og Meijer, C., 2019. „Financing inclusive education to reduce disparity in education: trends, issues and drivers“ [Fjármögnun náms án aðgreiningar til að draga úr misskiptingu í menntun: vísbendingar, vandamál og drifkraftar], í M.J. Schuelka, C.J. Johnstone, G. Thomas og A.J. Artiles (ritstj.), *The SAGE Handbook of Inclusion and Diversity in Education*. London: Sage

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2014a. *Education for All: Special Needs and Inclusive Education in Malta. Annex 2: Desk Research Report [Menntun fyrir alla: Sérþarfir og menntun fyrir alla á Möltu. Viðauki 2: Skýrsla um skrifborðsrannsókn]*. Óðinsvéum, Danmörku

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2014b. *Inclusive Education in Europe: Putting theory into practice. International Conference, 18 November 2013. Reflections from researchers. [Mótun náms án aðgreiningar: Kenningu komið í framkvæmd. Alþjóðleg ráðstefna, 18. nóvember 2013. Hugleiðingar frá rannsakendum]*. Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/international-conference-reflections-researchers](http://www.european-agency.org/resources/publications/international-conference-reflections-researchers) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015a. *Tillaga að afstöðu miðstöðvarinnar til námskerfa án aðgreiningar*. Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/agency-position-inclusive-education-systems-flyer](http://www.european-agency.org/resources/publications/agency-position-inclusive-education-systems-flyer) (Síðast sótt í júlí 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2015b. *Empowering Teachers to Promote Inclusive Education. Literature Review [Valdefling kennara til að stuðla að menntunar án aðgreiningar: Fræðileg umfjöllun]*. (A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/empowering-teachers-promote-inclusive-education-literature-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/empowering-teachers-promote-inclusive-education-literature-review) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016a. *Inclusive Early Childhood Education: An analysis of 32 European examples [Menntun ungra barna án aðgreiningar: Greining á 32 evrópskum dæmum]*. (P. Bartolo, E. Björck-Akesson, C. Giné og M. Kyriazopoulou, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk. [www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-early-childhood-education-analysis-32-european-examples](http://www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-early-childhood-education-analysis-32-european-examples) (Síðast sótt í október 2021)





Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016b. *Financing of Inclusive Education: Mapping Country Systems for Inclusive Education [Fjármögnun menntunar án aðgreiningar: Kortlagning á landakerfum fyrir menntun fyrir alla]*. (S. Ebersold, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/financing-inclusive-education-mapping-country-systems-inclusive-education](http://www.european-agency.org/resources/publications/financing-inclusive-education-mapping-country-systems-inclusive-education) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016c. *Raising the Achievement of All Learners in Inclusive Education: Literature Review [Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar: Fræðileg umfjöllun]*. (A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk. [www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-inclusive-education-literature-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-inclusive-education-literature-review) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017a. *Raising the Achievement of All Learners: A Resource to Support Self-Review [Aukinn árangur allra nemenda: Úrræði til stuðnings við sjálfsmat]*. (V.J. Donnelly og A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-self-review) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017b. *Decentralisation in Education Systems – Seminar Report [Valddreifing í menntakerfum – Málstofuskýrsla]*. (V.J. Donnelly, E. Óskarsdóttir og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/decentralisation-education-systems-seminar-report](http://www.european-agency.org/resources/publications/decentralisation-education-systems-seminar-report) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018a. *Country Policy Review and Analysis: Methodology Report – Updated 2018 [Mat og greining á stefnu einstakra landa: Skýrsla um aðferðafræði – uppfærð 2018]*. (S. Symeonidou, V.J. Donnelly, V. Soriano og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk. [www.european-agency.org/resources/publications/country-policy-review-and-analysis-methodology-report-revised-2018](http://www.european-agency.org/resources/publications/country-policy-review-and-analysis-methodology-report-revised-2018) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018b. *Analysis Framework for Mapping Inclusive Education Policies [Greiningarrámmi fyrir kortlagningu á menntastefnum fyrir alla]*. (V. Soriano, A. Watkins, M. Kyriazopoulou, V. Donnelly, A. Kefallinou, S. Ebersold og G. Squires, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/analysis-framework-mapping-inclusive-education-policies](http://www.european-agency.org/resources/publications/analysis-framework-mapping-inclusive-education-policies) (Síðast sótt í júlí 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018c. *Financing Policies for Inclusive Education Systems: Resourcing Levers to Reduce Disparity in Education [Stefna um fjármögnun menntunar án aðgreiningar í skólakerfum: Lyftistangir úrræða til að draga úr misskiptingu í menntun]*. (S. Ebersold, E. Óskarsdóttir og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk. [www.european-agency.org/resources/publications/fpies-synthesis-report](http://www.european-agency.org/resources/publications/fpies-synthesis-report) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018d. *Vitnisburður um tengingu á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku: Endanleg yfirlitsskýrsla*. (S. Symeonidou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/evidence-link-between-inclusive-education-and-social-inclusion-final-summary](http://www.european-agency.org/resources/publications/evidence-link-between-inclusive-education-and-social-inclusion-final-summary) (Síðast sótt í október 2021)



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018e. *Key Actions for Raising Achievement: Guidance for Teachers and Leaders [Lykilaðgerðir til að auka árangur: Leiðsögn fyrir kennara og skólastjórnendur]*. (V. Donnelly og A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/key-actions-raising-achievement-guidance-teachers-and-leaders](http://www.european-agency.org/resources/publications/key-actions-raising-achievement-guidance-teachers-and-leaders) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019a. *Teacher Professional Learning for Inclusion: Literature Review [Starfsþróun kennara í skóla fyrir alla: Fræðileg umfjöllun]*. (A. De Vroey, S. Symeonidou og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-literature-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/TPL4I-literature-review) (Síðast sótt í febrúar 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019b. *Preventing School Failure: A Review of the Literature [Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Fræðileg umfjöllun]*. (G. Squires og A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/preventing-school-failure-literature-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/preventing-school-failure-literature-review) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019c. *Inclusive School Leadership: Exploring Policies Across Europe [Forysta í skóla fyrir alla: Könnun á stefnum um alla Evrópu]*. (E. Óskarsdóttir, V. Donnelly og M. Turner-Cmucha, ritstj.). Óðinsvé, Danmörk. [www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-school-leadership-synthesis](http://www.european-agency.org/resources/publications/inclusive-school-leadership-synthesis) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020. *Out-of-School and Out-of-Data? Out-of-School Learners in the European Agency Statistics on Inclusive Education (EASIE) – Conceptual Working Paper [Utan skóla og án gagna? Nemendur utan skóla í tölfraði Evrópumiðstöðvar um menntun án aðgreiningar (EASIE) – Hugtakslegt vinnuskjal]*. (A. Watkins og A. Lenárt, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/EASIE-Out-of-School](http://www.european-agency.org/resources/publications/EASIE-Out-of-School) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2011. *Mapping the Implementation of Policy for Inclusive Education: An exploration of challenges and opportunities for developing indicators [Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð: Könnun á ýmsum leiðum og möguleikum við þróun vísbenda]*. (S. Ebersold og A. Watkins, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/mapping-implementation-policy-inclusive-education-exploration-challenges-and](http://www.european-agency.org/resources/publications/mapping-implementation-policy-inclusive-education-exploration-challenges-and) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2012. *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar*. Óðinsvéum, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/teacher-education-inclusion-profile-inclusive-teachers](http://www.european-agency.org/resources/publications/teacher-education-inclusion-profile-inclusive-teachers) (Síðast sótt í október 2021)

Evrópusambandið, 2012. *Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi*. 2012/C 326/02

Evrópuþingið, Ráð Evrópusambandsins, Framkvæmdastjórn ESB, 2017. *European Pillar of Social Rights [Evrópuþað félagslegra réttinda]*. Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins



Framkvæmdastjórn ESB, 2017a. *Conclusions of the Council and of the Representatives of the Governments of the Member States, meeting within the Council, on Inclusion in Diversity to achieve a High Quality Education for All* [Niðurstaða Ráðherraráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, fundur innan Ráðherraráðsins, um fjölbreytileika án aðgreiningar til að ná hágæðamenntun fyrir alla]. 2017/C 62/02

Framkvæmdastjórn ESB, 2017b. *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions. School development and excellent teaching for a great start in life* [Orðsending frá framkvæmdastjórn til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Skólaþróun og framúrskarandi kenning fyrir frábær fyrstu skrefin í lífinu]. SWD (2017) 165 final

Framkvæmdastjórn ESB, 2018. *Teachers and school leaders in schools as learning organisations. Guiding Principles for policy development in school education* [Kennarar og skólustjórnendur í skólum sem menntastofnanir. Leiðbeinandi grundvallarrit fyrir stefnumótun í skólamenntun]. Brussel: DG Menntun, æskulýðsmál, íþróttir og menning, skólar og margtyngi

Framkvæmdastjórn ESB, 2020. *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on achieving the European Education Area by 2025* [Tilkynning frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, Ráðsins, Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu og svæðanefndarinnar um að ná evrópsku menntasvæði fyrir árið 2025]. COM (2020) 625 final

Framkvæmdastjórn ESB, 2021. *Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions. EU Strategy on the Rights of the Child*. [Orðsending frá framkvæmdastjórn til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Stefna ESB um réttindi barnsins]. COM (2021) 142 final

Framkvæmdastjórn ESB/EACEA/Eurydice, 2020. *Equity in school education in Europe: Structures, policies and student performance* [Jafnræði í skólamenntun í Evrópu: Skipulag, stefnur og frammistaða nemenda]. Skýrsla frá Eurydice. Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins

Loreman, T., Forlin, C. og Sharma, U., 2014. „Measuring indicators of inclusive education: A systematic review of the literature“ [Mæling vísbenda í menntun fyrir alla: Fræðileg umfjöllun], í C. Forlin og T. Loreman (ritstj.), *Measuring Inclusive Education. International Perspectives on Inclusive Education*. 3. bindi. Bingley: Emerald

Magnússon, G., Göransson, K. og Lindqvist, G., 2019. „Contextualizing inclusive education in educational policy: the case of Sweden“ [Menntun fyrir alla skoðuð í samhengi við menntastefnu: tilfelli Svíþjóðar] *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 5 (2), 67–77

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, 2017. *Fighting school segregation in Europe through inclusive education* [Barist við aðskilnað í skóla í Evrópu með menntun fyrir alla]. Position paper [Stöðugerð]. Strasbourg: Evrópuráðið. [rm.coe.int/fighting-school-segregation-in-europe-through-inclusive-education-a-positi/168073fb65](https://rm.coe.int/fighting-school-segregation-in-europe-through-inclusive-education-a-positi/168073fb65) (Síðast sótt í júlí 2021)



Mannréttindaráðið, 2019. *Empowering children with disabilities for the enjoyment of their human rights, including through inclusive education [Fötluðum börnum gert kleift að njóta mannréttinda sinna, þar með talið með menntun fyrir alla]*. Skýrsla mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, fertugasti fundur mannréttindaráðs, allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna

Moriña, A., 2017. „Inclusive education in higher education: challenges and opportunities“ [Menntun fyrir alla í háskólamenntun: Áskoranir og tækifæri] *European Journal of Special Needs Education*, 32 (1), 3–17

Nefnd SP um réttindi fatlaðs fólks, 2016. *General comment No. 4, Article 24: Right to inclusive education*, 2 September 2016 [Almenn athugasemd nr. 4, grein 24: Réttur til menntunar fyrir alla, 2. september 2016]. CRPD/C/GC/4/. [refworld.org/docid/57c977e34.html](https://refworld.org/docid/57c977e34.html) (Síðast sótt í júlí 2021)

Norwich, B., 2019. „From the Warnock Report (1978) to an Education Framework Commission: A Novel Contemporary Approach to Educational Policy Making for Pupils With Special Educational Needs/Disabilities“ [Frá Warnock skýrslunni (1978) til menntamálanefndar: Ný samtímaaðferð við stefnumótun í menntamálum fyrir nemendur með sérþarfir/fötlun] *Frontiers in Education*, 4. [doi.org/10.3389/feduc.2019.00072](https://doi.org/10.3389/feduc.2019.00072) (Síðast sótt í júlí 2021)

OECD, 2010. *The high cost of low educational performance: The long-run economic impact of improving PISA outcomes [Hinn mikli kostnaður við lága frammistöðu í námi: Langtíma efnahagsleg áhrif þess að bæta niðurstöður úr PISA]*. París: OECD Publishing

OECD, 2015. *Universal skills What countries stand to gain [Alhliða færni: Það sem lönd eiga eftir að græða]*. París: OECD Publishing

OECD, 2016. *Low-Performing Students: Why They Fall Behind and How to Help Them Succeed [Nemendur sem lélega frammistöðu: Hvers vegna þeir hellast úr lestinni og hvernig á að hjálpa þeim að ná árangri]*. PISA. París: OECD Publishing

OECD, 2019. *Future of Education and Skills 2030: Conceptual learning framework [Framtíð menntunar og færni: Hugtakslegur námsrammi]*. Student Agency for 2030. [oecd.org/education/2030-project/teaching-and-learning/learning/student-agency/Student\\_Agency\\_for\\_2030\\_concept\\_note.pdf](https://oecd.org/education/2030-project/teaching-and-learning/learning/student-agency/Student_Agency_for_2030_concept_note.pdf) (Síðast sótt í júlí 2021)

OECD, 2020. *Education Policy Perspectives no. 9. An implementation framework for effective change in schools [Stefnumótun í menntamálum. nr. 9. Innleiðingarrámi fyrir áhrifaríkar breytingar í skólum]*. París: OECD Publishing

Ráð Evrópusambandsins, 2019. *Council recommendation of 22 May 2019 on High-Quality Early Childhood Education and Care Systems [Tilmæli ráðsins frá 22. maí 2019 um hágæða menntun ungra barna og umönnunarkerfi]*. 2019/C 189/02. Brussel: Ráð Evrópusambandsins.

[eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605\(01\)&rid=4](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605(01)&rid=4) (Síðast sótt í júlí 2021)



Ráð Evrópusambandsins, 2020. *Council conclusions on European teachers and trainers for the future [Niðurstöður ráðsins um evrópska kennara og leiðbeinendur til framtíðar]*. 2020/C 193/04. Brussel: Ráð Evrópusambandsins. [eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A52020XG0609%2802%29&qid=1644585669704](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A52020XG0609%2802%29&qid=1644585669704) (Síðast sótt í júlí 2021)

Ráð Evrópusambandsins, 2021. *Council Resolution on a strategic framework for European co-operation in education and training towards the European Education Area and beyond (2021–2030) [Ályktun ráðsins um stefnumótandi ramma fyrir evrópskt samstarf í menntun og þjálfun í átt að evrópska menntasvæðinu og víðar (2021–2030)]*. 6289/1/21 REV 119, febrúar 2021

Sameinuðu þjóðirnar, 1989. *Samningur um réttindi barnsins, 20. nóvember 1989*

Sameinuðu þjóðirnar, 2006. *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*

UNESCO, 2015. *Incheon Declaration and Framework for Action for the implementation of Sustainable Development Goal 4 [Incheon yfirlýsingin og aðgerðarammi fyrir innleiðingu á Sjálfbærum þróunarmarkmiðum 4]*. París: UNESCO.

[uis.unesco.org/sites/default/files/documents/education-2030-incheon-framework-for-action-implementation-of-sdg4-2016-en\\_2.pdf](https://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/education-2030-incheon-framework-for-action-implementation-of-sdg4-2016-en_2.pdf) (Síðast sótt í júlí 2021)

UNESCO, 2017a. *A Guide for Ensuring Inclusion and Equity in Education [Leiðbeiningar til að tryggja og jafnræði í menntun án aðgreiningar]*. París: UNESCO

UNESCO, 2017b. *Unpacking sustainable development goal 4: Education 2030 – A Guide [Nánar um sjálfbær þróunarmarkmið 4: Menntun 2030 – Leiðarvísir]*. París: UNESCO

UNESCO, 2020. *Global Education Monitoring Report 2020: Inclusion and education: All means all [Alþjóðleg skýrsla um eftirlit með menntun 2020: Aðgreiningarleysi og menntun: Allir þýða allir]*. París: UNESCO

UNESCO Stýrinefnd SDG-Education 2030, 2018. *Statement of support. Accountability and the Right to Education [Yfirlýsing um stuðning. Ábyrgð og réttur til menntunar]*. París: UNESCO

Viennet, R. og Pont, B., 2017. *Education policy implementation: A literature review and proposed framework [Innleiðing menntastefnu: Fræðileg umfjöllun og tillaga að ramma]*. OECD Education Working Papers, nr. 162. París: OECD Publishing

Ydo, Y., 2020. „Inclusive education: Global priority, collective responsibility“ [Menntun fyrir alla: Alþjóðlegur forgangur, sameiginleg ábyrgð] *Prospects*, 49, 97–101. [doi.org/10.1007/s11125-020-09520-y](https://doi.org/10.1007/s11125-020-09520-y) (Síðast sótt í júlí 2021)



Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33  
DK-5000  
Odense C  
Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21  
BE-1000  
Brussels  
Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
brussels.office@european-agency.org

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

